

Ed.

499. Nefndarálit

[230. mál]

um frv. til l. um stjórn efnahagsmála o. fl.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Haldnir voru 5 fundir um málið með fjárhags- og viðskiptanefndum beggja deilda sameiginlega.

Farið var ítarlega yfir frv. Nefndinni bárust umsagnir þeirra aðila, sem drög að frumvarpinu, er lögð voru fram í ríkisstjórninni í febrúar, höfðu verið send til. Tekið hafði verið tillit til ýmissa athugasemda, sem þar komu fram, við endanlega gerð frumvarpsins.

Á fund nefndarinnar komu fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands, Verslunarráðs Íslands, Sjómannasambandsins, Farmanna- og fiskimannasambandsins, Sambands ísl. bankamanna, Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bandalags háskólamanna.

Meiri hlutinn leggur fram nokkrar breytingartillögur á sérstöku þingskjali og leggur til að frv. verði samþ. þannig breytt.

Minni hlutinn mun skila séráliti.

Alþingi, 30. mars 1979.

Jón Helgason,
form., frsm.

Ólafur Ragnar Grímsson,
fundaskr.

Karl Steinar Guðnason,

Geir Gunnarsson.

Ágúst Einarsson.